



Ingólfur V. Gíslason er höfundur nýútkominna bóka um ofbeldi.

## Ofbeldi í nánnum samböndum

Í aðgerðaáætlun fyrrverandi ríkisstjórnarinnar var eftirfarandi ákvæði:

„Gefin verði út handbók með upplýsingum fyrir fagstéttir er koma að málum er varða þolendur og gerendur heimilisofbeldis sem hefur það markmið að veita þessum fagstéttum mikilvægar upplýsingar um heimilisofbeldi.“

Nefndin sem sá um eftirfylgni áætlunarinnar hefur nú gefið út fimm rit til að uppfylla ákvæðið og bera öll sama heiti: *Ofbeldi í nánnum samböndum. Orsakir-afleiðingar-úrræði*. Fjögur þeirra hafa undirtitla sem vísa til þess að þeim er beint til ákveðinna fagstétta: Ljósmaðra, starfsfólks félagsþjómustunnar, lögreglunnar og loks lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Höfundur er Ingólfur V. Gíslason, lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands.

Fyrsti kafli fjallar almennt um ofbeldi gegn konum. Þar er rakið hvað það er í gerð samfélaga og stöðu kvenna sem gerir að verkum að þær búa við ofbeldi í nánnum samböndum í ríkari mæli en karlar. Fjallað er um karla sem búa við slíkt ofbeldi og um megineinkenni líkamlegs, andlegs, fjárhagslegs og kynferðislegs ofbeldis og hvernig ákveðin einkenni kvenna geta leitt til grunsemda um að þær búi við ofbeldi.

Í öðrum kafla er sérstaklega vikið að stöðunni á Íslandi á grundvelli nokkurra kannana en þó sérstaklega hinnar ítarlegu könnunar sem framkvæmd var á vegum ráðuneytis dómsmála árið 1996.

Þriðji kafli fjallar um einkenni kvenna sem búa við ofbeldi og það samspil nokkurra þátta sem oftast eru bakgrunnur ofbeldis.

Í fjórða kafla er fjallað um börn á heimilum þar sem ofbeldi er beitt. Jafnvel þótt þau sjálf séu ekki beitt ofbeldi markar ástandið á heimilinu djúpt spor í tilveru barna.

Í fimmta kafla er fjallað um einkenni karla sem beita ofbeldi í nánnum samböndum, hver bakgrunnur þeirra sé og hvernig samspil ólíkra þátta getur verið að baki ofbeldinu.

Í sjötta kafla er svo fjallað um þau úrræði sem til staðar eru á Íslandi, aðstoð við þolendur og þá gerendur sem vilja þiggja aðstoð til að hætta að beita ofbeldi.

Í sjöunda kafla greinist umfjöllunin á grundvelli þess til hvaða fagstéttar orðunum er beint. Áhersla er alltaf á að beita virkum aðferðum til þess að finna sem flestar konur sem búa við það ástand að einhver þeim nákominn beitir þær ofbeldi eða hefur gert það. Kembileit er áhrifaríkasta leiðin og rakin eru dæmi um hvernig slíku verði viðkomið og hvaða spurningar eða leitaraðferðir komi til greina. Þá er ýtarlega fjallað um einkenni sem eiga að leiða til grunsemda. Loks er fjallað um mikilvægi þess að hver stofnun setji sér aðgerðaáætlun um ofbeldi gegn konum þannig að starfsmönnum sé ljóst hvernig eigi að leita að konum sem búa við ofbeldi og hvað beri að gera ef slíkt kemur í ljós.

Bókunum er dreift í undirstofnanir ráðuneyta dómsmála, félagsmála og heilbrigðismála en einnig eru þær á heimasíðu félags- og tryggingamálaráðuneytisins [www.felagsmalaraduneyti.is/utgefid-efni/nr/4152](http://www.felagsmalaraduneyti.is/utgefid-efni/nr/4152)



**Gunnar  
Alexander  
Ólafsson**

Höfundur er sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu.